



Sæl öll

Í samvinnu og að beiðni Miðstöðvar menntunar og skólaþjónustu eru meðfylgjandi upplýsingar hér að neðan sendar til framkvæmdarstjóra sveitarfélaga og til fræðslustjóra og starfsfólks á skólaskrifstofum til upplýsinga.

Kæri viðtakandi.

Þann 16. júní síðastliðinn gerðist sá gleðilegi atburður að samþykktar voru á Alþingi breytingar á lögum um grunnskóla, [nr. 91/2008 um námsmat](#). Þessar breytingar fela í sér að nýtt námsmatskerfi, *Matsferill*, verður innleitt í alla grunnskóla landsins skólaárið 2025 – 2026. Mig langar með þessu bréfi að segja þér örlítið frá því mikilvæga ferli sem fram undan er og snýr að innleiðingu Matsferils og nemendagrunni (Frigg).

Lesfímipróf – endurbætur og fyrirlögn í nýju kerfi

Lesfímiprófin, sem verið hafa við lýði í fjölda ára, og stuðningspróf þeirra verða hluti af Matsferli og munu allir skólar leggja þau fyrir í gegnum nýtt viðmót Matsferils frá og með **1. janúar 2026**.

Fyrirlögnin nú í september verður hins vegar með sama sniði og áður, þ.e. prófin verða lögð fyrir nemendur í gegnum Skólagátt.

Samræmd stöðu- og framvindupróf – prófagluggi í mars

Samræmd stöðu- og framvindupróf Matsferils í lesskilningi og stærðfræði verða lögð fyrir nemendur 4. – 10. bekkjar allra grunnskóla landsins, en boðið verður upp á opinn prófaglugga frá **2. – 27. mars 2026**. Skólum er skylt að leggja prófin fyrir nemendur í **4., 6. og 9. bekk**. Ákvörðun um notkun prófanna í öðrum árgöngum er hins vegar í höndum kennara, skólastjóra eða fræðslufirvalda hvers sveitarfélags.

Nýr nemendagrunnur – lykill að framkvæmdinni

Til að prófin geti farið fram þurfa öll börn að vera skráð í nýjan nemendagrunn sem heldur utan um helstu upplýsingar um barn og fylgja því út skólagönguna. Nemendagrunnurinn spilar þannig lykilhlutverk í því mikilvæga verkefni að mæta hverju og einu barni þar sem það er statt. Grunnurinn er unninn út frá ítrustu kröfum um persónuvernd og verður innleiddur í áföngum fram að mars 2026, í þétta samstarfi við fræðslustjóra, skólastjórnendur, stafræna leiðtoga og hverja þá sem veita sveitarfélögum tækniþjónustu.

Framvinda innleiðingar Matsferils og nemendagrunns:

- **Vorið 2025:** 26 skólar og 7.000 nemendur tóku þátt í forprófunum og nú er í kjölfarið verið að ljúka stöðlun þeirra.
- **Haustið 2025:** Næsta skref er að tengja nemendagrunninn við prófakerfið. Til að leggja Lesfimi fyrir í janúar 2026 þarf skráningu barna í grunninn að vera lokið í desember 2025 og er skráning á ábyrgð skólastjóra.
- **Janúar 2026:** Allir skólar leggja Lesfimi fyrir í gegnum nemendagrunn. Skólastjórar og kennarar fá aðgang í samræmi við persónuverndarkröfur.
- **Febrúar 2026:** Innritun barna, fædd 2020, í grunnskóla fer fram í gegnum Ísland.is.
- **Mars 2026:** Fyrirlögn skyldubundinna stöðu- og framvinduprófa hefst.



Ég hef hér að ofan stiklað á stóru varðandi verkefnin sem framundan eru og geri mér grein fyrir því að listinn er sannarlega ekki tæmandi. Við höfum þegar hafið samtal og samstarf við fræðslustjóra, stafræna leiðtoga sem og skólastjórnendur í nánú samstarfi við Samband íslenskra sveitarfélaga.

Ef þú óskar eftir frekari upplýsingum varðandi ofangreint þá hvet ég þig til að skoða heimasíðu okkar, midstodmenntunar.is, eða hafa samband við okkur í gegnum netfangið postur@midstodmenntunar.is eða á mig beint thordis@midstodmenntunar.is.

Sú umfangsmikla innleiðing sem stendur fyrir dyrum snertir allt skólastarf á landinu og krefst þannig góðrar samvinnu allra hagaðila frá upphafi. Með sameiginlegu átaki tryggjum við að hún verði bæði gagnlegt og risastórt framfaraskref fyrir íslenskt skólakerfi.

Hljóð kveðjur,

Þórdís Jóna Sigurðardóttir,

Forstjóri Miðstöðvar menntunar og skólaþjónustu

Þórdís Jóna Sigurðardóttir

Forstjóri | Skrifstofa forstjóra

Director General | Director's Office

The Directorate of Education and School Services

Víkurhvarf 3

Sími Tel.: +354 514-7500

[Fyrirvari/Disclaimer](#)



**Miðstöð menntunar
og skólaþjónustu**



Svala Hreinsdóttir

Sérfræðingur • Stjórnsýslusvið

Samband íslenskra sveitarfélaga • Icelandic Association of Local Authorities

Sími / Tel.: (+354) 515 4900 • www.samband.is • thjonusta@samband.is

[Lagalegur fyrirvari](#) • [Legal Disclaimer](#)